

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi.

1. gr.

2. og 3. málsl. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Liggi slíkt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar, þ.m.t. álagningar á byggingarefni, launagjalda, launatengdra gjalda, fasts kostnaðar og ágóða. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um reiknað útsöluverð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. og 23. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

Nr. 377

13. júní 1997

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.:

Danmörku:	Kjöt af svínunum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Grænlandi:	Hreindýrakjöt.
Finnlandi:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínunum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Noregi:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínunum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.
Svíþjóð:	Hreindýrakjöt, kjöt af svínunum og kjöt og ætir hlutar af alifuglum.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 623/1996 um breytingu á auglýsingu nr. 525/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.